

GUL VIÐVÖRUN UM HÆTTULEGT EFNI

Falsað Xanax/alprazolam í umferð



Selt sem: Xanax/Alprazolam í hylkjaformi (samsett hvít hylki) en Xanax lyfið eru töflur

Inniheldur: Medetomidín

Áhætta:

- Mikil hætta á ofskömmtun
- Önnur áhrif en búast mætti við af Xanax (alprazolam)
- Lækkaður hjartsláttur og lágur blóðþrýstingur
- Svimi, skert hreyfigeta og ruglástand
- Ógleði, minnisleysi, syfja og skert meðvitund í langan tíma

Medetómidín er mjög sterkt slævandi lyf – mun sterkara en xýlazín (um 200 x sterkara), en xýlazín er notað sem dýralyf hérlandis. Áhrif medetómidíns geta valdið því að það hægist á öndun og hjartslætti, sem gerir ofskömmtun hættulega og flókna í meðferð. Medetómidín getur sérstaklega verið hættulegt fyrir hjartað, en efnið hægir á hjartslætti og lækkar blóðþrýsting. Þetta falsaða Xanax hylki inniheldur hvorki efnið alprazolam né neitt annað bensódíazepín. Þótt falsaðar Xanax-töflur innihaldi oft bensódíazepín, reyndist virka efnið í þessu tilfalli vera eingöngu medetómidín.

Ef þú finnur fyrir áhættuþáttum sem tilteknir eru hér að ofan – leitaðu hjálpar strax. Ekki vera ein/n/eitt. Láttu vini vita.

Upplýsingar um viðbragðsaðila:

- Neyðarlínan – 112
- Landspítalinn – bráðavaktin, (geðdeild, fíknipjónusta)
- Heilsugæslan – 1700
- Læknavaktin – 1770
- Ylja – ef við á

Leita má til Ylju eða Rannsókarstofu í lyfja- og eiturefnafræði til að fá greiningu á efniinu.

13. maí 2026,

*Starfshópur um samræmingu gagna
og snemmbúnar viðvaranir við fíkniefnafaraldri*